



Framanadi lönd og þjóðir

Árgangur

10.bekkur

Markmið

Sjá *Aðalnámskrá grunnskóla: Samfélagsgreinar 2007*

Að nemendur kynnist lífsskilyrðum, sögu og menningu ólíkra þjóða.

Inntak náms

Nemendur fá tækifæri til þess að kynna sér mismunandi hópa fólks sem búa við aðstæður og lífsskilyrði þeim framandi. Einnig verður lögð áhersla á sögu og menningu þessara hópa.

Námsgögn

Ljósrit og ábendingar um lestur frá kennara. Efnið sem verður lagt til grundvallar er úr mörgum áttum og reynt að hafa viðfangsefnið sem fjölbreyttust.

Kennsluskipan

Kennt verður 2 kennslustundir á viku allan veturinn. Kennslan verður í formi fyrirlestra, verkefnavinnu og áhersla lögð á sjálfstæð vinnubrögð nemenda í hópa- og einstaklingsvinnu.

Námsmat

Ekkert lokapróf verður í áfanganum heldur verður námsmat í formi verkefna og styttri kannanna. Tekið er mið af allri þeirri vinnu sem nemendur leggja fram í áfanganum bæði í hópa- og einstaklingsvinnu. Einkunn í lok haustannar er meðaltal þeirra þátta sem þá hafa verið teknir til mats.

Við lok miðannar er samskonar mat og breytist það eitt að matsþáttum hefur fjölgað frá haustönn. Einkunn að vori er með sama hætti og á miðönn afrakstur vinnu nemandans frá hausti.